



**TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ**





**BORÐA DREKKA**

**TYGGJA**

**WRIGLEY'S  
Extra**

 Tannlæknafélag Íslands mælir  
með notkun xylitols sem  
aðalsætufrni í tyggigúmmii



Árið 1993 var mexíkóskur **dýragarðseigandi** handtekinn fyrir að reyna að kaupa lögglumann sem var dulbúinn sem górilla.



Mynd/Arni Sæberg

## LAUFHEY MARÍA

Fyrstu sex: 181194.

**Uppáhalds kennari:** Það er ekki mögulegt að biðja mig um að velja einn.. Þórður (féló), Björk (kvennómamma), Þórhildur (enskugúru), Þórey (enskugúru2), Kristján (skalli), Ásdís (islenskugúru), Sólveig (islenskugúru2), hin Sólveig (samþykktiekkvínabeiðninaminafyrren-eftirgrunnskóla) og Sóley Ásta (ekkinógu-gömul til þessaðverammamminþannig-húnereinsogstórasystirsemégáttaldrei).

**Lag á heilanum:** „Rosanna“ með Toto og „Seven Wonders“ með Fleetwood Mac.

**Í bragðarefinn fæ ég mér:** Snickers, lakkrís og kókudeig.

# Nemendur sýna kennurum stuðning

**Laufey María**, formaður SÍF, leiðir fund framhaldsskólanema á Austurvelli í dag en hún segir nemendur uggandi vegna yfirvofandi verkfalls kennara.

Klukkan 15:00 í dag koma framhaldsskólanemar saman fyrir utan Alþingi til að sýna kennurum sínum samstöðu í kjarabaráttu þeirra. Það er Samband íslenskra framhaldsskólanema sem stendur fyrir viðburðinum en formaður SÍF, Laufey María Jóhannsdóttir, segir hlutverk SÍF vera að gæta hagsmuna allra framhaldsskólanema bæði þegar kemur að námi og félagsmálum. Aðspurð segir Laufey framhaldsskólanema hafa fulla ástæðu til að styðja við kennarana sína.

„Kennarar sætta sig ekki við þessi laun mikið lengur. Við viljum halda góðum kennurum í starfi og fá fleiri aðila til þess að mennta sig sem kennara, en eins og staðan er núna þá eru ekki margir sem sjá fyrir sér framtíð í kennaranum, einfaldlega vegna þess hve launin eru lág,“ segir Laufey.

Laufey segist finna fyrir miklum áhyggjum meðal framhaldsskólanema af stöðu mála og þá sérstaklega þeim sem eiga að útskrifast í vor. Ljóst er að komið gæti til verkfalls verði kjör kennara ekki bætt en það gæti sett strik í reikninginn fyrir útskriftarnema sem Laufey segir flesta hafa fyrirætlanir um framhaldsnám. „Þetta er allt í lausu lofti.“

### Ráðherrar velkomnir

Laufey segir það ekki koma að sök að fundurinn muni fara fram á skólatíma. „Formenn eru búnir að vera duglegir að semja um frí eða einhvers konar málamiðlanir til þess að nemendur fái leyfi til þess að mæta. Það gengur misvel en eins og er þá eru yfir 1300 manns búnir að boða komu sína á fundinn á Facebook og auðvitað þá vonumst við til þess að sjá sem

flesta,“ segir Laufey og tekur fram að allir séu velkomnir, nemendur, kennarar, foreldrar og jafnvel ráðherrar.

Laufey segir nemendur á landsbyggðinni hafa verið hvatta til að skipuleggja sambærilega fundi í sinni heimabyggð. „Við höfum samt framhaldsskólana á bakvið okkur og þeir sem komast ekki verða með okkur í anda,“ bætir hún við.

Aðstandendur fundarins munu ávarpa hópinn og Laufey segir að öðrum sé frjálst að gera slíkt hið sama hafi viðkomandi eitthvað fram að færa.

„Við viljum heyra í sem flestum og það er frábært ef fólk vill tjá sig,“ segir Laufey sem einnig lofar heitu kakói fyrir fundargesti svo lengi sem birgðir endast.

## BLAÐIÐ Í TÖLUM

- 2** banana þarf í hnetusmjörs pönnukökur Monitor.
- 6** hluti til að gera í myrkrinu má finna á síðu 7.
- 3** af fjórum meðlimum Moses
- 3** drengir standa að baki fataversluninni Nomo.

**MONITOR@MONITOR.IS**  
**Ritstjóri:** Anna Marsibil Clausen (annamarsy@monitor.is),  
**Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)  
**Bláðamenn:** Rósa María Árnadóttir, Auður Albertsdóttir, Lís Hafliðadóttir (í fæðingarorlofi)  
**Forsíða:** Ómar Óskarsson (omar@mbl.is) **Umbrot:** Monitorstaðir  
**Auglýsingar:** Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is)  
**Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson  
**Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136

## ÞA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST

# Klámhundurinn ég

Þegar ég hóf störf á Monitor skrifaði ég nær eingöngu fyrir vefinn og strax á viku tvö var ég komin í vandræði. Ég skrifaði nefnilega grein um síðu sem ég fann sem tók saman vinsælustu leitarorðin í hverju landi fyrir sig þegar kæmi að klámi. Mér fannst nokkur spaugileg orð vera tengd við Ísland í því samhengi, meðal annars „Native American Gay“ og „hairy anal“ og þótti ljóst að þarna væru niðurstöðurnar eitthvað skekkta, en hvað veit ég soossum um það.



Það var auðvitað ekki að spyrja að því, DV var eldsnöggð að henda í fyrirsögnina „Mogginn visar lesendum á grófa klámsíðu“. Í frétt DV var mynd af öðrum ritstjóra Morgunblaðsins Davíð Oddsyni, sem augljóslega átti þarna alla sök að mati DV, og sagt var frá því að í fréttinni væri hlekkur á síðuna sem ég fann. Svo segir í fréttinni „Inn[i] á síðunni er hins vegar líka áberandi leitargluggi. Ef algengustu leitarorðin eru slegin

þar inn fær lesandinn beinan aðgang að grófum klámmyndböndum.“

Virkir í athugasemdum voru fljótir að koma mér til varnar og bent var á að ég hefði allt eins getað sett hlekk inn á Google. Hinsvegar fékk ég fleiri en ein einkaskilaboð á Facebook frá fólki sem fannst ég vera slæmur femínisti og ein þeirra sagði að ég myndi skilja hvað ég gerði rangt þegar ég yrði eldri.

Ég veit ekki hvort það er eitthvað til sem heitir slæmur femínisti. Maður trúir á jafnrétti kynjanna eða ekki. Nú er ég ári eldri en þegar ég skrifaði þessa frétt og mér finnst hún enþá myndin. Sumt fólk lærir aldrei.

Kynlífskvedjur  
Slæmi femínistinn



# MONITOR

## MÆLIR MEÐ...

### FYRIR ILLUGA

Monitor mælir innlega og einlæglega með því að Illugi Gunnarsson, mennta- og menningamálaráðherra beri regnbogabindi á opunarhátíð Vetrarólympíuleikana í Sochi sem er á morgun.



Með því myndi hann sýna LGBTQ fólki stuðning sinn í verki og lúkka vel í leiðinni. Ef það væri nú alltaf svo einfalt að vera íslensku þjóðinni til sóma.

### FYRIR ÞÁ SEM ELSKA MYRKUR

Vetrahátíð í Reykjavík hefst á morgun. Jón Gnarr setur hátíðina með því að tendra 10 ljósalistaverk hátíðarinnar samstímis fimmtudagskvöldið 6. febrúar kl. 19.30 í garði Listasafns Einarssonar. Monitor mælir með að sem flestir taki þátt í þessari skemmtilegu hátíð sem stendur til 15. febrúar næstkomandi en á síðu 16 í blaðinu má lesa meira um annan ljósaþjórn.



### FYRIR KULDASKRÆFUR

Það verður örliðið kalt næstu daga, en það er spáð -2 til -4 stiga frosti um helgina. Monitor mælir með að klæða sig vel og vandlega í ullarnærhöld og tilheyrandi. Svo á að byrja að snjóa á mánudaginn þannig fólk ætti að undirbúa sig andlega og í raun, til dæmis með því að draga sköfurnar undan framsætinu og setja lúffurnar á ofninn.





## VIKAN Á FACEBOOK



**Gunnar Hrafn Jónsson**  
Margir hafa komið að máli við mig og nú tilkynni ég formlega að ég sækist eftir sæti í ruggustólum hérna frammi. Hann er minn.  
29. janúar kl. 18:49



**Jóhannes Þór**  
Upphafið boðar gott, Seahawks eru meðötta.  
2. febrúar kl. 23:56



**Gréta Salóme**  
Þakka hamingju-óskirnar kæra fólk...en ég var ekki að keppa í Söngvakeppninni í gær Gréta Mjöll Samúelsdóttir var hins vegar að því!!! Mikið svakalega sem fólk ruglar okkur saman haha!!  
2. febrúar kl. 20:36



**Ásgeir Orri Ásgeirsson**  
Það lífur út fyrir að maður þurfi bara að dansa burtu blús í kvöld!  
#hehe #andvarp  
1. febrúar kl. 22:29

[www.facebook.com/monitorbladid](http://www.facebook.com/monitorbladid)





sónar<sup>®</sup>  
2014  
Reykjavík



# Sónar Reykjavík

## 3 dagar, 5 svið

### 67 atriði í Hörpu

### 13. - 15. febrúar

Upplýsingar

[sonarreykjavik.com](http://sonarreykjavik.com)

Miðasala

[www.midi.is](http://www.midi.is) | [www.harpa.is](http://www.harpa.is)

Styrktaraðilar Sónar Reykjavík



**MAJOR LAZER,  
PAUL KALKBRENNER,  
TRENTMØLLER,  
BONOBO, GUSGUS**

**JON HOPKINS, JAMES HOLDEN, DIPLO,  
FM BELFAST, HJALTALÍN, DAPHNI,  
RYUICHI SAKAMOTO & TAYLOR DUPREE**

**EVIAN CHIST, KÖLSCH, WHEN SAINTS GO MACHINE,  
STARWALKER, SÍSÝ EY, GLUTEUS MAXIMUS, ELOQ,  
HERMIGERVILL, KENTON SLASH DEMON, SYKUR,  
MOSES HIGHTOWER, HE, KIASMOS, HALLELUWAH,  
OJBA RASTA, BERNDSEN, VÖK, CELL7, EINÓMA,  
STEREO HYPNOSIS, SOMETIME, DJ YAMAHO, EXOS,  
DJ MARGEIR, HIGHLANDS, FUTUREGRAPHER,  
DOWNLINERS SEKT, GÍSLI PÁLMI, SKURKEN, FURA,  
TONIK, MIND IN MOTION, LOW ROAR, KID MISTIK,  
THE MANSISTERS, GOOD MOON DEER, INTROBEATS,  
DJ FRÍMANN, FKHNDISM, STEVE SAMPLING, MUTED,  
TERRORDISCO, HOUSEKELL, DJ HENDRIK, RE-PETE  
& THE MACHINE, ÁRNI<sup>2</sup>, STEINDÓR JÓNSSON, JÓN  
EDVALD, SACHIKO M, VIKTOR BIRGISS, KIRIYAMA  
FAMILY, ORANG VOLANTE, TANYA & MARLON, DADA  
KRISTINN BJARNASON**





**LEIFUR GEIR STEFÁNSSON**

**Fyrstu sex:** 271095.  
**Námsbraut:** Félagsfræðibraut.  
**Lag á heilanum:** Allur matur á að fara eitthvert.  
**Sérsvið:** Kvinnóliðið.  
**Uppáhalds spurningaflokkur:** Matarspurningar.  
**Uppáhalds prófasnarl:** Matur.  
**Uppáhalds námsgrein:** Heimilisfræði.  
**Skrítnasti kennarinn:** Siggí Hall.  
**Ef ég væri Gettu betur-spyrill væri ég:** Örn Úlfar.  
**Ég veit ekkert um:** Neinn hamborgarastað sem er betri en Amma Habbý á Súðavík.

**KRISTINN MÁR BJARNASON**


**Fyrstu sex:** 280695.  
**Námsbraut:** Nát og fél.  
**Lag á heilanum:** „Hello“ með Martin Solveig.  
**Sérsvið:** Vinátta og samheldni.  
**Uppáhalds spurningaflokkur:** Villispurningin.  
**Uppáhalds prófasnarl:** Habibi, Hafnarstræti.  
**Uppáhalds námsgrein:** Boltaáfangi.  
**Skrítnasti kennarinn:** Flestir bara frekar skrítnir.  
**Ef ég væri Gettu betur-spyrill væri ég:** Gunna Dís.  
**Ég veit ekkert um:** Sjötíum-annabýðinguna en hef heyrt að hún sé mjög skemmtileg.

**ÞÓRGNÝR E. ALBERTSSON**

**Fyrstu sex:** 080295 - AFMÆLI DAGINN EFTIR KEPPNI.  
**Námsbraut:** Félagsfræðibraut.  
**Lag á heilanum:** „Prins Póló“ með Sumargleðinni.  
**Sérsvið:** Gamlar kempur í Gettu betur á borð við Pálma Óskars og Ingu Þóru.  
**Uppáhalds spurningaflokkur:** Hraði, hraðinn drepur.  
**Uppáhalds prófasnarl:** Hraðaspurningar.  
**Uppáhalds námsgrein:** Ég fékk að teikna höndina mína í tjáningaráfangnum, það var alveg nett.  
**Skrítnasti kennarinn:** Auður Tinna Gettu betur-þjálfari, hún er alveg semi-kennari.  
**Ef ég væri Gettu betur-spyrill væri ég:** King Ómar Ragnarsson sem les örugglega matarbloggið okkar, Éttu betur, á Facebook.  
**Ég veit ekkert um:** Neitt kebabhús sem er betra en Habibi við Hafnarstræti.

# Grettu betur

Á morgun eru það lið Menntaskólans við Hamrahlíð og Kvinnaskólans í Reykjavík sem etja kappi í átta liða úrslitum Gettu Betur. Monitor taldi gáfnaljósinn á að gretta sig aðeins fyrir myndavélina.



**HLÖÐVER SKÚLI HÁKONARSON**

**Fyrstu sex:** 091097.  
**Námsbraut:** Félagsvísindabraut.  
**Lag á heilanum:** Stop For a Minute – Keane ft. K'Naan.  
**Sérsvið:** Stokkhólmur.  
**Uppáhalds spurningaflokkur:** Bláu.  
**Uppáhalds prófasnarl:** Gifflar kanel.  
**Uppáhalds námsgrein:** Nýnemafraeðsla.  
**Skrítnasti kennarinn:** Jafet.  
**Ef ég væri Gettu betur-spyrill væri ég:** Rekinn.  
**Ég veit ekkert um:** Það hræðir mig að vita ekki hvað kötturinn minn er að hugsa.

**DANÍEL FREYR BIRKISSON**

**Fyrstu sex:** 250994.  
**Námsbraut:** Félagsvísindabraut.  
**Lag á heilanum:** ABBA Gold-platan er stöðugt á heilanum mínum.  
**Sérsvið:** Skartgripir.  
**Uppáhalds spurningaflokkur:** Bleiku.  
**Uppáhalds prófasnarl:** Kenny.  
**Uppáhalds námsgrein:** Réttarsálfræði.  
**Skrítnasti kennarinn:** Toggi.  
**Ef ég væri Gettu betur-spyrill væri ég:** Steinþór Bragi Maack.  
**Ég veit ekkert um:** Ég veit aldrei hvað Hlöll er að hugsa.

**SKÚLI ARNARSON**

**Fyrstu sex:** 220695.  
**Námsbraut:** Náttúruvísindabraut.  
**Lag á heilanum:** Á Þjóðarbókhliðunni – Raggi Bjarna.  
**Sérsvið:** Bubbi Morthens.  
**Uppáhalds spurningaflokkur:** Appelsínugulu.  
**Uppáhalds prófasnarl:** Tomma og Jenna kex.  
**Uppáhalds námsgrein:** Rokksaga.  
**Skrítnasti kennarinn:** Dói.  
**Ef ég væri Gettu betur-spyrill væri ég:** Helgi Björnsson (Holy B).  
**Ég veit ekkert um:** Íslenskar borgir.





## LJÓÐAFLÓÐ



### Samskipti kynjanna

Hann: Afsakaðu fröken, fyrirgefðu mér, það virðist sitja fluga á rassinum á þér.

Hún: Þú aftur? Hvað viltu mér? Ég hef ekkert að segja, það segi ég þér

Hann: Það er bara eitt, enn er þar fluga, ég get slegið hana burt ef það er smuga.

Hún: Mikið rétt! Þarna er fluga, ég slæ hana sjálf og læt það duga. Hví varstu annars að horfa þangað?

Hann: Þú veist vel hvað mig hefur alltaf langað.

Hún: Ég veit vel hvað þig hefur langað og þykir mér miður að hafa augu þín fangað.

Hann: Þú vilt það líka, ekki ljúga.

Hún: Ég hlusta ekki á orðin sem út úr þér smjúga!

Hann: Ef þú vilt kíkja þá er ég einn heima.

Hún: Ég er dama, ekki því gleyma. Hann: Hvað með litinn koss? Það væri flott, svo læt ég þig í friði og hef mig á brott.

Hún: Ég er forvitin, gerum það í leyfum og þú verður að lofa að segja ekki neinum.

Hann: Að segja ekki neinum; þá er ég herramaður! Gott og vel, ekki meira þvaður.

Hún: Þetta var gott! Ertu enn einn heima?

Hann: Nú er ég herramaður, ekki því gleyma!

Pétur Marteinn Tómasson



### Hnetusmjörs pönnukökur

- 2 vel þroskaðir bananar.
- 2 matskeiðar hnetusmjör.
- 2 egg.
- Kókosolía til að steikja í.



Stabbið bananana og hrærið vel saman við eggin og hnetusmjör. Hellið 2 msk. af deginu á pönnu svo úr verði litlar pönnukökur. Þegar þær eru teknar að stífna er þeim snúið við. Berið fram með sírópi eða annari snilli.

## EINTÓM ÞVÆLA



Austuríska landsliðið í skautadansi komst í hann krappann fyrir í dag þegar þeir festust í Ólympíuhringjunum í Sochi. Herrarnir létu engann bilbug á sér finna þó þeim yrði brátt í brók heldur settust glaðværir á hækjur sér.

## Krakkarnir okkar

**Á** morgun verða Vetrarólympíuleikarnir í Sochi í Rússlandi settir. Þessir leikar verða dýrustu ólympíuleikar sögunnar og mjög líklega þeir umdeildustu. Þegar ákveðið var að halda leikana í Sochi var lítið sem ekkert þar fyrir sem hægt var að nota til þess að halda íþróttaviðburð af þessari stærðargráðu. Stæra því rússnesk yfirvöld sig að því að hafa búið til ólympíuþorp frá grunni. Það þurfti þó ýmislegt til, og hafa heilu hverfin í Sochi þurft að víkja fyrir framkvæmdunum og er talið að um 2000 fjölskyldur hafi misst heimili sín í aðdraganda leikanna. Jafnframt hafa þúsundir flækingshunda í Sochi verið drepnir þar sem þeir hentuðu ekki ímyndinni sem Pútín og félagar sækjast í að einkenni leikana og umhverfi þeirra. En nú er allt tilbúið, gífurleg mannvirki og hraðbrautir hafa verið reist, flest á kostnað íbúa Sochi og allt í nafni íþróttanna, eða hvað?



**Ý**mis mannréttindasamtök hafa verið dugleg að benda á þessar staðreyndir og hefur því skapast mjög neikvæð umræða í kringum leikana. Það er samt ekki aðeins í Sochi þar sem traðkað er á mannréttindum, heldur er það daglegt brauð í öllu Rússlandi.

**F**oreldrar mínir eru búsettir í Rússlandi og hef ég sjálf séð í heimsóknum mínum þangað hversu slæmt ástandið þar er á mörgum sviðum. Þar er gífurlega mikið um spillingu og eru mannréttindabrot stunduð þar daglega, til dæmis gegn samkynhneigðum. Staða samkynhneigðra í landinu er vægast sagt hryllileg og þarf alþjóðasam-

félagið vissulega að bregðast við því sem er að gerast í Rússlandi í þeim málum.

**N**ú hafa margir lýst yfir þeirri skoðun að íslenskir ráðamenn ættu að feta í fótspor margra erlendra kollega sinna og sniðganga leikana í Sochi í mótmælaskyni við aðstæður í Rússlandi. Það er ekki svo vitlaus hugmynd, en staðreyndin er samt sú að ef þú gerir ekkert, þá segirðu ekkert. Frekar en að sitja heima, væri þá ekki betra að fara á staðinn og segja hvað okkur finnst?

**S**egja Rússum að við séum Íslendingar og á Íslandi er það ekki í lagi að rústa hífylum fólks, drepa flækingshunda og brjóta gegn samkynhneigðum.

**E**innig er það staðreynd að á leikumum sem hefjast á morgun keppa fjögur íslensk ungmenni fyrir Íslands hönd. Þetta er fólk sem allt hefur unnið að þessu markmiði stóran hluta ævi sinnar og má ekki gleyma mikilvægi þess. Það að helstu ráðamenn þjóðarinnar myndu sniðganga leikana væri ekki sanngjart gagnvart þeim og eiga þau skilið að vinka forsetanum á opunarhátíðinni rétt eins og aðrir íslenskir íþróttamenn hafa gert á ólympíuleikum síðustu ára. Bölvum Pútín í sand og ösku en hugsum fallega til afreksfólksins okkar. Áfram Ísland.

Auður Albertsdóttir



## ELTU ÞENNAN

Ef Svarthöfði og félagar á Dauðastirninu fengu sér markaðsfulltrúa til að hressa upp á ímyndina væri þetta Twitter-aðgangurinn hans.



Death Star PR @DeathStarPR Jan 20  
Money can't buy happiness, but it CAN buy you a giant moon-to blow all of those happy bastards to hell.

DEATH STAR PR

@DeathStarPR



## 6

### hlutir til að gera í myrkrinu

Hægt og bítandi er daginn tekið að lengja og þó myrkríð virðist kuldalegt er um að gera að njóta þess meðan það endist.

**1 Farðu í freyðibað.** Fátt er jafn kósý og klisjukennt á sama tíma og að láta sig renna ofan í heitt bað, þakið froðu. Skelltu einhverju væmnu á fóninn og njóttu.

**2 Notaðu máttinn.** Finndu þér vasaljós og láttu sem það sé ljósasverð. Það er enginn skömm að smá-jedi-nördaskap.

**3 Gláptu á stjörnum.** Komdu þér út fyrir ljósadýrð siðmenningarinnar eitt kvöld með góðum vinum og finndu smáð þína gagnvart umheiminum.

**4 Horfðu á hryllingsmynd.** Það er lítið varið í að horfa á hryllingsmyndir á sumrin en þær eru ein besta afsökun fyrir vetrarkúri sem þekkest.

**5 Farðu í feluleik.** Það er mikið auðveldara í myrkrí. Fáðu samt einhverjum með þér, það er svolítið sorglegt að reyna að fara einn í feluleik.

**6 Haltu náttfataparty.** Heilgallaför með heitu kakói, andlitsmóskum og ekta næntis „chick flick“-gelgjulátum er einfaldlega of fyndið til að prófa það ekki einu sinni.

## VÍSINDAVEFURINN



### Eru til mannætur einhvers staðar í heiminum?

Svarið við þessari spurningu fer eftir því hvernig við skilgreinum mannætur. Ef spyrjandi á við ættbálka sem leggja sér mannakjöt til munns, þá er svarið við spurningunni að ekki eru lengur til ættbálkar sem eru mannætur. Mannát tíðkaðist þó sums staðar, meira að segja langt fram á síðustu öld. Mannfræðingar hafa heimildir fyrir því, meðal annars með viðtölum við fólk sem tók þátt í mannáti sem unglingar. En svo má líka velta því fyrir sér hvort „mannætur“ hafi lítið á „mannátið“ sömu augum og við. Ættbálkar sem hafa étíð þá sem teljast ekki til hópsins, hafa ef til vill ekki lítið verknaðinn sömu augum og við, sérstaklega ef þeir hugsuðu sér ekki mannkynd allt sem eina dýrategund.





# Verslunarmiðstöð á netinu

**Stíllinn fékk sykursætu Verzló-drengina, þá Viktor, Jón Hilmar og Kjartan, stofnendur síðunnar [www.nomo.is](http://www.nomo.is) til að dressa sig upp Þeir ætla sér að gera síðuna að verslunarmiðstöð á netinu með fötum frá öllum flottustu verslunum landsins. Stíllinn spurði þá spjörunum úr.**

## Hvernig mynduð þið lýsa ykkur sjálfum og ykkar stíl? Eruð þið allir með svipaðan stíl?

**Jón Hilmar:** Ég myndi lýsa stílnum mínum sem nokkuð hefðbundnum, en oftast með skemmtilegu twisti í leiðinni. Ég reyni oftast að vera í finni kantinum og geng oftast í skyrtu og huggulegri peysu eða jakka yfir.

**Kjartan:** Ég reyni að vera snyrtilegur þegar ég get en ég á samt mína daga, fleiri en ég er stoltur af, þar sem ég hendi mér í XXXL hvítan bol úr Dressman og síða 66° Norður-úlpu yfir. Á venjulegum degi er ég í skyrtu undir jarðlitaðri háskólapeysu og í svörtum gallabuxum.

**Viktor:** Maður reynir að sjálfsgöðu alltaf að vera finni og flottur, en ég er hins vegar með smá-veikleika gagnvart þægilegum og kósý fötum. Ef það væri vel séð, þá væri ég alltaf í Stanford-háskólapeysunni minni.

## Hvað eruð þið að bardúsa þessa dagana?

**Jón Hilmar:** Við erum auðvitað allir á bólakafi við það að koma Nomo á réttan kjöl. Ég sé um fjármálin og reyni að koma greiðslum á sinn stað á réttum tíma og sé til þess að þessir vitleysingar eyði ekki öllu í Eldsmiðjupítsur og Vesturbæjarís.

**Kjartan:** Í þessu Nomo-ferli sé ég um vefsíðugerðina og markaðsmálin, sama hvort það er að fá fleiri verslanir í fjölskylduna eða að koma „brandinu“ á framfæri meðal allra þessara tískuelskenda á Íslandi.

**Viktor:** Skólinn og Nomo. Síðustu mánuðir hafa verið gríðarlega krefjandi og lærdómsríkir.

## Hafið þið alltaf haft gaman af tísku?

**Jón Hilmar:** Frá blautu barnsbeini hef ég hugsað um það í hverju ég er. Ég man það einstaklega vel þegar ég mátti ekki fara í hjólabrettabolnum mínum í leikskólann þegar ég var lítill og hef ég sjaldan grátið jafn hart og þá.

**Kjartan:** Alls ekki, því miður. Ég var alveg dauður þegar kom að öllu útlitstengdu þang- að til ég átti 13 ára afmælið mitt. Þá fór þabbi með mig í Smash í kringlunni og við keyptum fyrstu flíkurarnar sem voru ekki joggingbuxur eða íþróttabólir.

**Viktor:** Ég hef alltaf haft lúmskan áhuga á því að klæða mig snyrtilega og ég held ég hafi það frá foreldrum mínum sem klæddu mig alltaf upp við hvert tækifæri sem þau fengu.

## Hver er best klæddi maður í heimi að ykkar mati?

**Jón Hilmar:** David Beckham er fyrirmynd í alla staði. Ég er síðan með mikið og ólúmskt mancrush í Leonardo Di Caprio svo ég verð að nefna hann líka

**Kjartan:** Ég verð að vera sammála Nonna með Beckham. Það er stórfurðulegt hvernig maðurinn nær alltaf að vera snyrtilegur, sama hvert tilefni er. Meiri trendsetter er síðan örugglega erfitt að finna og þá sérstaklega þegar kemur að hárstílum.

**Viktor:** Mér finnst Kjartan Þórisson vera best klæddi maður í heiminum. Hann púllar hvíta XXXL boli og 66 Norður-úlpu rosalega vel. Í hvaða búðum verslið þið helst hér á



## Íslandi? En í útlöndum?

**Jón Hilmar:** Sautján er alltaf vinsæl en svo eru faldir gimsteinar eins og Suzie Q hérna heima fyrir. Síðan er Topman mín uppáhalds verslun úti, en ég versla líka mikið í Primark.

**Kjartan:** Hérna heima hef ég gaman að Karlsmönnum á Laugaveginum, 66° norður og síðan finnst mér alltaf jafn gaman að skoða allt á þriðju hæðinni í Kringlunni.

**Viktor:** Ég hef gaman af því að skoða allt sem er til hjá minni hönnuðum og verslunum sem finnast faldnar á hverju horni hérna í Reykjavík.

## Hver eru ykkar bestu kaup fyrir og síðar?

**Jón Hilmar:** Ég myndi segja að öll Converse-pör sem ég hef keypt væru hágæða fjárfesting. Ég get einhvernvegin alltaf skellt mér í Converse við hvaða tilefni sem er.

**Kjartan:** Akkúrat þessa stundina eyði ég líklega 70% af deginum mínum grafinn inn í Arnarhóls-frakkann frá 66° norður og sá fjörotútu þúsund kall hefur heldur betur skilað sér.

**Viktor:** Ég á svartar buxur sem ég fer alltaf í þegar ég er ekki í svartri peysu. Þær kostuðu 5000 kall á Kringlukasti og ég sé ekki eftir krónu.

## Hvað er algjört möst fyrir veturinn að ykkar mati?

**Jón Hilmar:** Flott og fjölbreytt úrfal yfirhafna. Maður getur ekki alltaf verið úti á bolnum, skyrtunni og peysunni og svo er mjög leiðinlegt að vera alltaf í sömu gömlu úlpunni svo, að mínu mati, er það kannski 3 flottir jakkar/frakkar sem hægt er að svissa á milli með reglulegu millibili.

**Kjartan:** Ég held áfram að lofa frakkann minn og verð að segja að hann sé ómissandi í kuldanum. Ég er síðan treflamaður og get ekki farið út í göngutúr án þess að vera í góðum lúffum. Allt sem tengist því að láta sér ekki vera kalt fæ ég frá 66° norður.

**Viktor:** Ég er mikið í bílnum og þess vegna verð ég að segja að nettar grifflur séu eitthvað sem þarf að finnast í hverjum bíl á landinu. Þú vilt ekki vera að skafa af rúðunni berhentur.



**VIKTOR:**  
JAKKI: SAUTJÁN  
PEYSA: ARMANI  
BINDI: ZARA  
BUXUR: SAUTJÁN  
SKÓR: DIESEL



**JÓN HILMAR:**  
JAKKI: ZARA  
SKYRTA: PRIMARK  
BINDISNÆLA: TOPMAN  
BUXUR: H&M  
SKÓR: SAUTJÁN



**KJARTAN:**  
JAKKI: ZARA  
PEYSA: KARLMENN  
SKÓR: RIVER ISLAND  
SKYRTA: KÚLTUR MENN  
BUXUR: RIVER ISLAND



**JÓN HILMAR:**  
PEYSA: TOPMAN  
SKYRTA: PRIMARK  
BUXUR: H&M  
SKÓR: PRIMARK



**KJARTAN:**  
PEYSA: DEBENHAMS  
SKYRTA: KARLMENN  
BUXUR: RIVER ISLAND  
SKÓR: RIVER ISLAND



**VIKTOR:**  
SKÓR: NIKE  
BUXUR: SAUTJÁN  
SOKKAR: SUZIE Q  
BOLUR: NOLAND  
PEYSA: H&M





**SKYRTAN**

Það kemur ótrúlega vel út að vera í skyrtu af kærastanum, þröngum buxum eða jafnvel sokkabuxum og flottum skóm, háum eða lágum. Það eina sem þarf að passa upp á er að skyrtan sé í þannig sniði að það henti stelpum líka, mega ekki vera of miklar í viddina og stuttar, það væri ekki gott líkk.



**"OVERSIZED" BOLURINN**

Ef maður finnur ekkert til að vera í einn morguninn og tíminn er að hlaupa frá manni þá er mjög sniðugt að skella sér í þröngar buxur, converse skó og bol af kærastanum, brósa eða jafnvel þabba gamla. Í dag eru oversized bolir reyndar orðnir svo vinsælir að þá er að finna í nánast öllum betri fatabúðum í kvennadeildinni.



**"BOYFRIEND" BUXURNAR**

Boyfriend buxur eru virkilega heitar um þessar mundir, mjög töfaralegt líkk fyrir okkur stelpurnar. Það kemur best út að mati Stíllins að vera í smáhælum við og fallegrí aðsniðinni skyrtu eða þröngum bol.



**LEÐURJAKKINN**

Stórir leðurjakkar hafa verið áberandi og þá sérstaklega „biker“-jakkarnir. Þessa ekta stóru, víðu leðurjakkka er líklegast að finna í „second hand“ verslunum landsins, til dæmis Spúútník.

# UNISEX tískan

Unisex-tískan hefur varla farið framhjá neinum því hana er að finna í öllum helstu tískutímaritum heims. **Stíllinn** tók saman þessi helstu trend og fagnar þessari tískubylgju sem er bæði þægileg og hagstæð enda geta kærustupör, systkin eða jafnvel feðgin deilt fataskápnum.



**HÚFAN**

Þessar „beanie“-húfur eru allsráðandi hjá flestum tískudrósum. Algeng sjón eru skvísur í flottum, fínnum dressum með húfu til að tóna dressið aðeins niður og gera það meira hversdags. Fyrirsætan og töfvarinn Cara Delevingne lætur varla sjá sig út úr húsi án þess að vera með eina slíka á kollinum.



**JAKKAFÖTIN**

Íslenskar stúlkur mega vera duglegri að klæðast jakkafötum, það er eitthvað svo ólýsanlega kúl við það að klæðast þeim. En það er auðvitað varasamt og Stíllinn mælir ekki með að grípa í næstu karlmans-jakkaföt og klæðast þeim, sniðið þarf að vera virkilega gott til þess að líkkað heppnist.



**BLAZERINN**

„Blazerinn“ góði. Allar stelpur þurfa að eiga einn blazer, helst einn aðsniðinn og annan „oversized“ sem flott er að bretta upp á ermar og vera í þykkri peysu innan undir.



**HERMANNAJAKKAR**

Hermannajakkar eða „barbour“-jakkar eru alltaf jafn vinsælir. Þetta er flík sem stelpur og strákar geta klárlega notað saman, rétt stærð á strákum kemur alveg jafn vel út á stelpum. Stundum getur komið vel út fyrir stelpur að nota beltí í mittið með hermannajökknum.





 **Marmot**<sup>®</sup>  
ÞÚ FINNUR MUNINN!



Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | [fjallakofinn.is](http://fjallakofinn.is)  





# „Þetta er allt í kjötmóðu“

**Moses Hightower** hefur í langan tíma átt við ákveðna búseturöskun að stríða þar sem meðlimir hennar eru yfirleitt staddir í mismunandi löndum. Engin undantekning var þar á þegar **Monitor** hitti hljómsveitina, en þó náðum við í skottið á þremur þeirra sem gæti verið einskonar met.







**F**yrsta plata Moses Hightower, „Búum til börn“, var kölluð snilldarverk í Morgunblaðinu í júlí 2010. Síðan þá hafa drengirnir brallað ýmislegt og nú vinna þeir að sinni þriðju hljóðversplötu. Þeir taka þó stutt skref í þessu öllu saman og taka sinn tíma þar sem einn meðlimur sveitarinnar býr erlendis. Monitor settist niður með þremur af fjórum meðlimum sveitarinnar, þeim Andra, Magnúsi og Steina, og fékk að heyra um textagerðina, upptökur á Skype og sjómannseinvígið sem gekk of langt.

Texti: Auður Albertsdóttir  
Myndir: Ómar Óskarsson

audura@monitor.is  
omar@mbl.is

**Nú vantar einn meðlim, hvar er gítarleikarinn Daníel staddur?**

➤ Hann er í Berlín að læra á gítarinn sinn.

**Hefur fjarvera hans mikil áhrif á ykkur sem hljómsveit?**

➤ Já, það gerir það.

➤ Nei.

➤ Það eykur hlutfall vegna mataræðis um allan helming í bandinu.

➤ Við kannski forðumst það að baða okkur í dýrð.

➤ Það eru margar hljómsveitir sem eru í sömu vandræðum og við, fólk í útlöndum og svona. Nýjasta dæmið er hljómsveitin Valdimar sem er með tvo meðlimi erlendis, báðum megin við Atlantshafið sem er ennþá meira vesen. Ég hitti þá útá flugvelli um helgina, þá voru þeir á leiðinni á túr og þá kom einn þeirra einmitt labbandi útúr Ameríkufluginu: „Hæ, nú er það Sviss!“

➤ Við erum eiginlega fleiri á landinu núna heldur en við erum vanir: Andri er nýkominn heim eftir fjögur ár í Amsterdam.

**Hvað varst þú að gera þar Andri?**

➤ Ég var í tónlistarnámi, útskrifaðist þaðan síðasta vor, er að skjóta undir mig fótunum hérna núna.

➤ Svo er Magnús eiginlega aldrei á landinu heldur.

➤ Heyrðu, vert þú ekki að tala um neitt svoleiðis, herra minn!

➤ Einmitt, Steini var á níu mánaða túr eða hvað það var sem aðstoðarmaður í Of Monsters and Men.

➤ Það er nú smá-tími síðan það kláraðist þannig að ég er alveg búinn að vera mikið á landinu.

**Síðasta platan ykkar, Önnur Mósebók, kom út árið 2012. Hvað er að fréttu af ykkur núna?**

➤ Við erum aðeins byrjaðir að hittast og spá í næstu plötu.

➤ Við erum líka að skipuleggja næsta skipti sem við verðum með Danna.

➤ Sem verður í mars.

➤ Já, fyrst spilum við reyndar án hans, við höldum nefnilega einu sinni framhjá honum á Sónar. Þá fáum við Ómar Guðjónsson til að aðstoða okkur. Hann hefur hjálpað okkur áður, þannig að það verður skemmtilegt.

➤ Við erum líka ennþá í góðum fíling síðan við gáfum út „remix“-plötu núna í haust. Hún hefur brúað þínu bilið hjá okkur á meðan við erum enn hver í sínu lagi.

➤ Þar áður sáum við um tónlistina í uppfærslu Þjóðleik-hússins á Óvitunum svo við vorum svona að dunda við ýmislegt árið 2013.

➤ Svo vorum við náttúrulega að vinna með Agli líka.

➤ Já, Agli Ólafs.

**Segið okkur aðeins frá upphafinu. Hvernig varð Moses Hightower til?**

➤ Við þrír höfðum spilað mikið saman áður.

➤ Svo fundum við Danna á leikskóla.

➤ Æji, þetta eru leiðindi.

➤ Ókei, svo kynntumst við Danna.

**Ekki á leikskóla?**

➤ Nei, hann var samt nýbyrjaður að raka sig.

➤ Nei, hann var öllu heldur nýbyrjaður á öðru ári í menntaskóla, við erum allir nokkrum árum eldri en Danni, hann er yngstur.

➤ Hann var þá svo voðalega góður á gítar og er nú orðinn einskonar skrímli.

**Og eftir það byrjuðuð þið fjórir að spila saman?**

➤ Já, byrjuðum við ekki að djamma svoleið mikið saman á Lindargótunni?

➤ Jú, fyrsta æfingin var nú bara heima hjá Steina.

➤ Þá kom bara fyrsta lagið, „Búum til börn“, eða drögin að því, það var árið 2007 er það ekki?

➤ Mars 2007

➤ Vá, það er ógeðslega langt síðan. Svo kom það lag út vorið 2008.

➤ Eitthvað svoleiðis. Það kom út og svo nokkur fleiri og svo var þetta allt tekið upp.

➤ Í fyrsta sinn sem við komum fram undir nafninu Moses Hightower vorum við „live“ bandið hjá Dísu Jakobs

(Bryndísí Jakobsdóttur). Þá varð til þetta „unit“ með Danna og öllum, það var árið 2008.

➤ Eða sko, við byrjuðum síðla árið 2007 að spila með Dísu.

➤ Þetta er aftur í svo grárrí forneskju að maður man voðalega lítið.

➤ Já, ég borðaði þarna fáránlega mikið af kjöti, man voða lítið eftir þessu.

➤ Þetta er allt í kjötmóðu, maður.

**Hvernig skilgreinið þið tónlistina ykkar?**

➤ Þetta er einhverskonar síðpopp, eða póstpopp eins og það er kallað.

➤ Er þetta ekki bara popptónlist?

➤ Já, þetta er bara einhver popptónlist með einhverju tvísti.

**Ég sá einhverstaðar að tónlistin ykkar var kölluð sálartónlist. Finnst ykkur það passa?**

➤ Já, kannski er hún undir einhverjum sálaráhrifum.

➤ Ég myndi kannski ekki kalla þetta beint sálartónlist, kannski síðsál? (Allir hlæja)

En jújú, þetta er svona sálarskotin popptónlist, er það ekki?

➤ Hún hefur verið það hingað til.

➤ En það verður það ekki næst, næst verður það heví metal-plata.

➤ Og svo teknó.

➤ Metal-grass.

➤ Metal-teknó, æ (hikar), þú skrifar þetta allt inn?

**Eins og þið nefnduð áðan var gefin út svokölluð remix-plata með lögum af Annarri Mósebók í nóvember síðastliðinu, sem heitir Mixtúrur úr Mósebók. Hvernig kom sú útgáfa til?**

➤ Við höfðum rætt það eftir „Búum til börn“ að búa til remix eða fá einvern til að gera remix. Þetta hafði alltaf blundað eitthvað í okkur.

➤ Það voru einhverjir búnir að gefa vilyrði um að gera remix, svo varð ekkert úr því. En fljótlega eftir að Önnur Mósebók kom út gerðu einhverjir sig til og gerðu eitthvað, og aðrir lýstu yfir áhuga. Vorið 2013 settum við síðan bara boltann af stað og gengum á eftir þeim sem höfðu lýst yfir áhuga.

➤ Þetta náði kannski svona krítískum massa þegar það var komið ákveðið mikið af fólki sem var búið að gera remix, þá var þetta svona næstum því orðin plata hvortéðvar. Þá fórum við að ganga á eftir því sem upp





á vantaði til að gera heila plötu. Platan er skemmtileg heimild um hvað er að gerast í þessum remixheimi, hvað þessir listamenn eru að gera, alveg óháð okkur. Við áttum alveg minnst í þessari plötu, hefði getað verið hvaða plata sem er sem hráefni. Það var gaman að sjá hvað þetta fór í margar mismunandi áttir.

**M** Hefði getað verið hvaða plata sem er?

**A** Svo slæddust inn á þetta aðrar plötur líka.

**M** Já, til dæmis platan Flowers með Sin Fang.

**A** Það er semsagt eitt lag á plötunni sem er 50/50 lagið „Góður í“ með okkur og „Young boys“ með Sin Fang, það voru allskonar skemmtilegar tilraunir gerðar.

**Þið komuð fram í október síðastliðnum á sextíu ára afmælistónleikum Egils Ólafssonar. Hver er sagan á bakvið það samstarf?**

**M** Hann dýrkar okkur.

**A** Afmælistónleikarnir voru ákveðnir snemma síðasta vor, en fyrir um veturinn höfðum við samið lag með Agli í Hljómskálalunum á RÚV í tilefni sameiginlegs uppruna úr MH.

**S** Og það small bara svona vel.

**A** Já, það bara small og hann vildi fá okkur í þetta verkefni, að gera með sér heilt prógram.

**Hvernig gekk samstarfið?**

**S** Það var bara fínt, hann er mjög vandaður maður.

**A** Hann er „erki-pró“.

**M** Og auðvitað fyndinn og skemmtilegur.

**Þið voruð fengnir til að gera tónlistina við leikritið Óvitana í haust. Væruð þið til í að vinna aftur í leikhúsi?**

**M** Kannski einhvern tímann.

**S** Væri fínt að prófa að gera eitthvað annað fyrst

**M** Já, að gera nýja plötu og aðra nýja plötu fyrst, kannski eftir svona fimm ár.

**A** Þetta er svolítið þannig að við erum ekkert endilega beðnir um meira en hvert annað band til að gera hitt og þetta með öðru fólki, en við höfum bara engan tíma til þess að gera annað en okkar inná milli.

**S** Við erum búnir að vera svoldið mikið „Moses Hightower“ og eitthvað annað, sem hefur allt verið mjög skemmtilegt.

**M** En það væri nú svoldið gaman að vera bara „Moses“ í smá-tíma.

**S** Já, þetta er allt búið að vera mjög skemmtilegt en það er kannski kominn tími á nýja plötu og svona.

**Fyrsta platan ykkar, Búum til börn, kom út sumarið 2010 en sú seinni, Önnur Mósebók, kom út í ágúst árið 2012. Er einhver munur á þeim eða eru þær svipaðar?**

**S** Er þetta ekki bara sama platan (hlær)?

**M** Nei það er munur á þeim.

**S** Þó við höfðum alveg spilað mikið saman og þannig þá vissum við kannski ekki alveg hvernig tónlist við ætluðum að gera saman þegar við byrjuðum á Búum til börn.

**M** Það eru fleiri skrátnir kaflar á seinni plötunni.

**S** Já við höfðum kannski meira sjálfsöryggi á seinni plötunni, kýldum bara á eitthvað og gáðum hvað myndi gerast.

**Við erum kannski bara aðallega hræddir við að vera ömurlegir.**

**Hvernig fylgduð þið Annarri Mósebók eftir?**

**M** Við spiluum eins mikið og við gátum í mánuð og svo ekkert fyrr en um jólin.

**S** Já, þá spilaði inn í þessi búseturöskun þar sem hluti hljómsveitarinnar býr erlendis.

**A** Þá kom inn þessi nákvæmlega sami pakki og með fyrri plötuna. Það var bara spilað í frium frá skólum erlendis og potað inn einhverjum ferðum heim til að spila og vinna nýtt efni í leiðinni.

**S** Að sumu leyti er það fínt vegna þess að maður er meira einbeittur. Þessar rispur eru vel nýttar, frekar en að hugsa að maður geti alltaf gert eitthvað í næstu viku eða eitthvað álíka.

**M** Við spilum líka aldrei of mikið.

**S** Já, það er hverju orði sannara.

**M** Við erum allavega ekki alltaf að spila sem klárlega hefur sína kosti og galla.

**A** Helsti gallinn myndi ég segja að væri að mann langar til að gera meira sem fyrst en þegar maður lítur á dagatalið þá er bara ekki nokkur möguleiki á að gera eina plötu á ári eða eitthvað svoleiðis. Ekki að það sé eitthvað sem maður leitast eftir, þannig séð, en það hægir mikið á ferlinu.

**Hafið þið getað notfært ykkur forrit eins og Skype til þess að vinna saman þrátt fyrir fjarlægðina?**

**M** Já, internetið hefur verið notað mikið.

**A** Upptökum á hlutum á Annarri Mósebók var stýrt í gegnum Skype frá New York, Amsterdam og Vilnius. Þetta

er mjög alþjóðleg plata.

**S** Já, upptökurnar fóru líka fram í þremur til fjórum löndum þannig að það var svolítið mikið erlent niðurhal í gangi við að gera þessar plötur.

**Er einhver sérstök leið sem þið notið við að semja lögin ykkar?**

**M** Steini segir eitthvað fyndið við mig og þá geri ég eitthvað og það hefur einhver áhrif á Andra sem hringir í Danna í Berlín og við búum til lag. Æi, ég veit það ekki.

**S** Það verður kannski til einn taktur af tónlist - eða hálftr orð og svo gerum við það 870 sinnum í viðbót.

**Hvaðan fáid þið innblástur?**

**S** Við reynum bara að sækja innblásturinn sjálfir.

**A** Hvaða innblástur? segi ég nú bara.

**M** Ég sit ekki og hlusta á plötur og hugsa: „Þetta er geðveikt, ég ætla að nota þetta.“ Við höfum bara setið og djammað voða mikið og þá kemur þetta.

**Textarnir ykkar hafa vakið mikla athygli, en þið hlutuð meðal annars Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir textana á Annarri Mósebók. Hvernig vinnid þið þá?**

**A** Með blóði, svita og tárur.

**S** Aðallega tárur, svona hori og tárur. Við Andri sem sagt sitjum og berjum hausnum við borðið við textagerðina.

**Er textagerðin sumsé erfið?**

**S** Við erum kannski bara aðallega hræddir við að vera ömurlegir.

**Eru þeir persónulegir?**

**S** Ekki fyrsta platan, hún var meira svona bara flippuð.

**M** En númer tvö, það er meira svona persónulegt.

**S** Við reynum allavega að láta þá hljóma persónulega.

**M** Jú, eru þeir ekki persónulegir? Steini komdu með það, þeir eru persónulegir.

**S** Þetta er svona mispersónulegt.

**A** Ekki fram úr hófi allavega.

**Þannig að textinn við til dæmis „Búum til börn“ þýddi ekki endilega að þið væruð að fara að búa til börn?**

**A** Nei, en sá sem tók upp lagið fyrst eignaðist barn níu mánuðum seinna og sá sem tók síðan upp plötuna eignaðist barn svona tólf mánuðum seinna. Svo eru hljómsveitameðlimir aðeins farnir að fjölga sér.

**S** Ætli plöturnar okkar séu ekki svona þriggja ára áætlanir



hjá Moses Hightower? Svona eins og hjá fyrirtæki.

#### Getið þið nefnt einhvern hápunkt á ferlinum?

**M** Nei, er þetta ekki allt bara skemmtilegt?

**S** Ég held að það sé hápunkturinn að sjá framan í þessa drengi í hvert einasta skipti.

**M** Ég held að hápunkturinn sé bara að vera í aðstöðu til að gera eitthvað nýtt og vera alltaf í stuði. Held ekki að það séu einhverjir einir tónleikar sem eru hápunkturinn, ekki fyrir mitt leyti allavega.

**S** Svo er það líka það að fá að spila með fólki sem maður treystir og er skemmtilegt, þórir að prófa eitthvað nýtt og maður veit að þeir gera það einhvernveginn betra.

#### Eins og þið nefnduð áðan munuð þið troða upp á SónarReykjavík sem er oft kölluð „raftónlistarhátíð“. Erud þið með eitthvað sérstakt í bígerð?

**M** Við ætlum bara að spila okkar sett.

**S** Svo verðum við þrír, er það nokkuð leyndó? Með Cell7.

**A** Nei, við tökum sannarlega þátt í settinu hennar.

#### Þið ætlið bara að vera þið? Þið eruð ekkert að fara að breyta ykkur í rafsvait?

**S** Við erum nú alltaf með einhverja syntha.

**A** Ég heyrði nú skipuleggjendur hátíðarinnar stæra sig að því að flest atriðin væru ekki bara menn að yta á „play“ í tölvu, heldur meira svona fjöggra til fimm manna batterí að spila „live“ þannig að það er verið að taka það í öfgar í okkar tilviki.

**S** Þetta verður stundum svolítið rafrænt hjá okkur „live“, fólk kannski fattar það ekki fyrir en það sér það.

## **■ ■** Ef það er eitthvað þá útkljáum við það með sjómanni.

#### En við hverju má fólk búast við af ykkur á Sónar?

**M** Bara geggjæðri stemmingu.

**S** Fólk má búast við því að standa og fylgjast með okkur og dilla hausnum svona hægt.

**A** Orðum það þannig að T-Rex í Jurassic Park myndi ekki sjá mikið af okkur.

#### En hvað er næst á dagskrá hjá hljómsveitinni eftir Sónar?

**M** Við ætlum að reyna að byrja að vinna eitthvert nýtt efni í mars þegar Danni kemur heim. Reyna þá að negla eitthvað í stein, reyna að klára eitthvað, reyna að gera eitthvað nýtt.

**S** Svo vitum við ekki alveg hvernig neitt hljómar fyrir en við prófum að spila það.

#### Eitt að lokum. Hver ræður í hljómsveitinni? Er einhver einn alpha-meðlimur?

**A** Allir sem þekkja okkur geta vitnað um að við erum allir rosalegir alphamales.

**S** Ef það er eitthvað þá útkljáum við það með sjómanni.

**A** Sem fór nú reyndar ekki vel einu sinni (allir hlæja).

**M** Alveg rétt, má segja frá því? Kannski lýgur maður óvart, þetta er svo langt síðan. Allavega fyrir nokkrum árum lenti Danni í svakalegu sjómannsslysi.

**A** Svona fjórum vikum áður en hann átti að fara á túr með Dísu Jakobs.

**S** Danni er mikið fyrir það að stúdera hluti mjög vel, hann tekur þá svona í gegn. Rétt eftir að við kynntumst sagði hann mér að hann hafi verið að skoða tæknilegu hliðina bakvið sjómann á Youtube. Sem sagt stúdera einhverja heimsmeistara og svona og hann sagði að hann gæti unnið alla í sjómann.

**A** Já, hann hafði lært einhvern sérstakan lás eða sérstaka beitingu.

**S** Svo fór hann í sjómann við mig og náttúrulega rústaði mér og ég var bara vafabært. En svo nokkrum dögum síðar hringdi Dísu í mig og spurði hvort ég þekkti nokkuð fleiri gítarleikara. Þá hafði Danni sem sagt farið í sjómann við 120 kílóa tröll.

**M** Sko ég þarf eiginlega að hringja í hann og staðfesta þetta.

**A** Þetta var allavega verðugur andstæðingur.

**S** Þannig að Danni endaði í gífsi, frekar slæmt fyrir gítarleikara.

**A** En hann bara reif sig fyrir úr gífsinu og túrinn gekk upp.

### MAGNÚS

Fyrstu sex: 181185

Ef ég væri hljóðfæri væri ég: Gamelan

Uppáhalds ávöxtur: Avocado

Æskuátrúnaðargoð: Gulli Briem

Versta martröð: Pass

Uppáhalds hundategund: Blendingurinn

Loppa



### ANDRI

Fyrstu sex: 011085

Ef ég væri hljóðfæri væri ég: Hurdygurdy

Uppáhalds ávöxtur: Folaldafillet

Æskuátrúnaðargoð: Elsti bróðir minn, Freyr

Versta martröð: Pass

Uppáhalds hundategund: Labrador

### STEINI

Fyrstu sex: 260983

Ef ég væri hljóðfæri væri ég: Stofuorgel.

Uppáhalds ávöxtur: Snickers

Æskuátrúnaðargoð: Leynilögreglumúsinn Basil.

Versta martröð: Cow-tipping, eða kúabylta. Og ég er kýrin. Aftur og aftur og aftur.

Uppáhalds hundategund: Lhasa Apso.



# Glæný uppistandssýning í Þjóðleikhúskjallaranum

Ari Eldjárn, Bergur Ebbi, Björn Bragi, Dóri DNA og Jóhann Alfreð

„Þetta grín náði svo í gegn  
há mér að ég grét í orðsins  
fyllstu merkingu úr hlátri“  
- Fréttatíminn, MT

„Ábyrgist þriggja daga  
harðsperrur í maga á eftir.“  
- Fanney Birna Jónsdóttir  
Viðskiptaritstjóri Fréttablaðsins.

„Besta grínið í bænum!  
Frábær skemmtun!“  
- Árni Páll Árnason  
fyrirverandi ráðherra

Miðaverð aðeins  
**2900 kr.**  
Tilboð til fyrirtækja  
og hópa

**UPPSELT Á  
25 SÝNINGAR**

Nýjar sýningar komnar í sölu.

Doritos **midí.is** pepsi **MAXO**



Miðasala á [midi.is](http://midi.is) og miðasölu Þjóðleikhússins í síma 551-1200



# Skæruliðar í Breiðholti

Í dag hefst **Vetrarhátíð í Reykjavík** og kennir þar ýmissa grasa. Meðal annars mun her skæruliða sjá um að lýsa upp skammdegið í Breiðholti og fer **Rósa Dögg Þorsteinsdóttir** þar fremst í flokki.

## Hvað er Guerrilla lighting?

Guerrilla lighting var stofnað í London árið 2008 til að sýna fram á með ódýrum hætti en jafnframt miklum áhrifum hvað vel hönnuð lýsing í þéttbýli getur haft mikil áhrif á að breyta opinberum stöðum í gegnum sameiginlegt framtak sjálfbóðaliða.

## Hvert er þitt hlutverk í Guerrilla lighting?

Ég er bara ein af skæruliðunum með rísa-vasaljós sem skipuleggja og standa fyrir „árásun“ á illa lýst eða ólýst mannvirki og vekja þannig almenning til umhugsunar um ljós.

## Hvernig kom það til að þið verðið með ljósainnsetningu á listahátíð?

Ljóstæknifélagið og Karen María frá Höfuðborgarstofu höfðu svo samband við okkur fyrir hönd skipuleggjenda Vetrarhátíðar og buðu okkur samstarf. Við höfðum áður verið með Ljósagöngu í Laugardalnum í samvinnu við Reykjavíkurborg sem heppnaðist gríðarlega vel en það mættu um 350 manns í gönguna.

## Eruð þið mörg sem standið á bakvið þetta?

Við erum upprunalega 11 útskrifaðir lýsingarhönnuðir úr 2009-árgangi Tækniskólans sem stofnuðum Guerrilla lighting á Íslandi en að þessu sinni erum við að vinna með 1.árs nemum í lýsingarhönnun og vinna þau núna hörðum höndum við að skipuleggja viðburðinn í samvinnu við okkur og sjálfbóðaliða frá félagsmiðstöðvunum í Breiðholti. Það er að mörgu að huga ef innsetningin á að takast vel. Það þarf að finna staðsetningar, lýsingarhönnun, afla sjálfbóðaliða, finna ljósmyndara, skaffa ljós og annað en margar hendur vinna létt verk og svo er þetta bara svo gaman enda er aðalregla Guerrilla lighting að hafa gaman.

## Afhverju ljós?

Í okkar tilfalli er það vegna þess að við erum lýsingarhönnuðir og vinnum með ljós, sumir vilja túlka það sem við erum að gera þannig að það sé eins og að graffa með ljós og ætli við séum þá ekki þarna á jaðri listar og gjörnings. Einn úr hópnum verður með ljósainnsetningu á Vetrarhátíð sem kallast Myrkraver sem mætti túlka sem alvöru ljósalist.

## Segðu okkur frá fyrri verkum ykkar.

Hugmyndafræðin á bakvið verkefnið er að lýsa upp eða einfaldlega slökkva ljós á ákveðnu svæði í órskamma stund. Þetta er þaulskipulagt verkferli sem vakið hefur athygli víða um heim og við höfum tekið staði eins og Háskóla Íslands, Landakotskirkju, Hljómskálagarðinn, Ásmundarsafn, Þvottalaugarnar í Laugardalnum og gömlu stúkuna þar sem dæmi. Það eina sem lifir eftir þessa viðburði eru fyrir- og eftir-ljósmyndir sem við tökum á staðnum og sýnum eftir á.

## Við hverju má fólk búast af ljósainnsetningunum á Vetrarhátíð?

Við ætlum að leggja stóru gulu vasaljósunum okkar og notast við óhefðbundnari og þó algengari ljósgjafa sem nánast allir ganga með á sér dagsdaglega. Þetta verður öðruvísi og geggjáð kúl. Við tökum nokkra staði uppi í Breiðholti, byrjum á einum stað og löbbum svo á milli staða. Gestum og sjálfbóðaliðum verður svo boðið upp á heitt kakó og myndasýningu á eftir.

## Hvað er frumundan hjá Guerrilla lighting?

Guerrillurnar eru að vakna aftur úr smádvola og munu verða sýnilegri í vetur. Í þípunum er fyrsta verkefnið utan höfuðborgarsvæðisins en auðvitað má ekki gefa upp nánari staðsetningu, fólk verður bara að fylgjast með okkur á GuerrillaLighting.net og koma og vera með.

## PSSST...

Guerrilla lighting mun lýsa upp Breiðholtið miðvikudaginn 12. febrúar kl. 20:00 en nánari staðsetning verður auglýst á vef Vetrarhátíðarinnar.

## RÓSA DÖGG

Fyrstu sex: 200182.

Í bragðarefinn fæ ég

mér: Bláber, jarðarber og kókosbollu, er algjör kókosbollu-fan.

Lag á heilanum: „Happy“ með Pharrell Williams, algjört heilalím.


Uppáhalds Disney-persóna: Alveg síðan ég sá Guffagrín hefur Guffi verið í upphaldi.

Ég hef aldrei: Keyrt hringinn í kríngum Ísland.





SAMSUNG



# Hreinasta afbragð!

Samsung Galaxy Note spjaldtölvurnar eru afbragðs góðar. Þær veita notendum frelsi til athafna. Penninn sem fylgir gerir verkefnið skemmtilegra, einfaldara er að skrifa glósur og opna á nýja möguleika til að leyfa sköpunargleðinni að njóta sín.

Notkunarmöguleikarnir margfaldast og þær nýtast einstaklega vel við lærdóminn. Galaxy Note eru með Android stýrikerfinu sem er lang vinsælasta og útbreiddasta stýrikerfið fyrir snjalltæki í dag. Þær fást í nokkrum stærðum og gerðum þannig að ávalt má finna tæki sem hentar hverjum og einum fullkomlega.

Svo skilja Galaxy Note spjaldtölvurnar að sjálfsögðu íslensku.

**Söluaðilar um land allt**





# Frekar Ungir Nettir Kettir

**Pétur Finnbogason og Franz Ploder** kannast margir við úr Bláum Ópal sem gerði það gott í Söngvakeppni Sjónvarpsins hér um árið. Nú eru þeir félagar mættir aftur til leiks með nýtt lag og nýja hljómsveit. **Monitor** tók Pétur tali spurði hann út í Eurovision-drauminn.

## Hver er munurinn á Bláum Ópal og F.U.N.K.?

Við Franz stofnuðum ekki Bláan Ópal né réðum tónlistarstefnu hópsins líkt og hljómsveitin F.U.N.K. gerir í sameiningu. Blár Ópal stimplaði sig meira inn sem boyband með rappi heldur en að vera taktföst og grúví hljómsveit líkt og F.U.N.K. Í rauninni ætti ekki að líkja bandinu við Bláan Ópal. Það hefur lengi blundað í okkur Franz Ploder að búa til nýtt band og byggja það á algjörlega frá grunni þar sem maður hefur frjálsar hendur í hinum ýmsu verkefnum.

## Fyrir hvað stendur skammstöfunin F.U.N.K.?

F.U.N.K. er mjög opið nafn því við skilgreinum það á margvíslega vegu en annars erum við Frekar Ungir Nettir Kettir.

## Blár Ópal vann að mati áhorfenda síðast þegar þú tókst þátt en dómnefnd valdi lag Grétu Salóme og Jónsa, hvernig upplifun var það?

Frá mínu sjónarhorni þá var þetta ótrúleg upplifun. Eftir á að hyggja þá hugsar maður hvað við vorum nálægt því að stíga á svið í Bakú, Aserbaidsjan, en maður var mjög ánægður með annað sætið og að hafa komist svona langt.

## Afhverju ákváðuð þið að taka þátt í forkeppninni að þessu sinni?

Það var ekki mikið í myndinni að taka aftur þátt í Söngvakeppninni fyrir en þegar við fréttum af því að RÚV seinkaði skilafrestinum þá vaknaði upp einhver spennan hjá manni, bara að prufa að senda inn og sjá hvað myndi gerast. Við vorum alveg á seinasta snúningi með þetta og kom það okkur frekar mikið á óvart að lagið okkar var valið.

## Framlag ykkar í keppnina heitir „Þangað til ég dey“, hvað geturðu sagt okkur um lagið?

Ég og Franz erum að vinna saman og það mætti segja að við höfðum samið lagið á vinnutíma, þar sem við gripum eitt skiptið í gítarinn og sömdum fyrstu hljómana að laginu. Eftir það var farið til Lárusar og unnið hröðum höndum þar sem tíminn var naumur. Lagið fjallar um að njóta líðandi stundar. Að maður lifir aðeins einu sinni og maður eigi ekki að sitja á hlutunum heldur bara gera þá. Textinn býður líka upp á margt, því hver og einn getur túlkað hann á sinn hátt.

## Ætlið þið að láta kynþokkann skína með eggjandi danssporunum og búningaskiptum eins og Eurovision-hefðin gerir ráð fyrir?

Verður maður ekki að hafa smá-fútt í þessu? Við fylgjum smá þeirri Eurovision-formúlu á sviðinu en við tökum ekki mikinn þátt í því að skella hinni gömlu góðu júrú-upphækun, það er tóm della að þessu sinni.

## Er ekki smá-boybandbragur á ykkur?

Þetta lag er langt frá því að vera talið boyband-lag. Þetta er gamla góða hljómsveitarconceptið með nútímakryddi.

## En ef þið væruð 'N sync, hver ykkar væri þá Timberlake?

Höddi trommari. Hann hefur mikið blæti fyrir 90's strákahljómsveitum og hefur hann ófáum sinnum skellt 'N sync-félögum á fóninn við lítinn fögnuð viðstaddra.

## Hvernig undirbúið þið ykkur fyrir keppnina?


Við höfum hist reglulega og æft atriðið eins og það á að vera á sviðinu og til að vera samstilltir. Svo höfum við nú líka reynt að hafa mikið af félagslegum hittingum til að þetta og peppa hópinn, við kíktum sem dæmi í sumarbústað um síðustu helgi sem var afar skemmtilegt.

## Mynduð þið flytja lagið á íslensku eða ensku í aðalkeppninni?

Lagið er undir miklum áhrifum erlendra tónlistarmanna sem hafa verið í miklu uppáhaldi hjá okkur. Þess má líka geta að laglínan var saminn með enskum texta og þykir okkur það henta laginu betur að hafa það á engilsaxneskri tungu ef ske kynni að við stígum á svið í Köben.

## Áttu þér eitthvert uppáhalds Eurovision-lag eða fyrirmynd úr Eurovision? Ertu Eurovision-nörd?

Það kraumar í flestu fólki einhver Eurovisi-onáhugi. Ég fann fyrir auknum áhuga þegar krúttkötturinn Alexander Rybak rústaði keppninni fyrir Norðmenn. Það er til ógrynni af flottum og góðum Eurovision-lögum en það sem stendur hvað hæst í minningunni er þegar Ítalir höfðu ekki tekið þátt í tæp 14 ár og komu síðan með djass-pop-lag sem lenti rakleiðis í öðru sæti í keppninni.



## PÉTUR FINNBOGASON

Fyrstu sex: 060792

Lag á heilanum: „Happy“

með Pharrell Williams

Æskuátrúnaðargöð:

Gianluigi Buffon og

Freddie Mercury

Uppáhalds Eurovision-

kynnir: Vá það eru svo

„margir“ að ég get ekki

nefnt einn.

Í morgunmat fékk ég

mér: Hnetumjól með

grilluðum banana.



Vantar þig aukna orku?

# FOCUS

Kraftmikill og frískandi  
orkugefandi  
drykkur án sykurs!

Aðeins 2 hitaeiningar og 0,5 g kolvetni í 100 ml.

## Koffín, guarana og ginseng... virkar strax!

15 kraftmiklar freyðitöflur í einum stauk.

Skellt út í vatn nákvæmlega þegar þér hentar  
– heima, í vinnunni, skólanum, í ræktinni, í golfinu...

## Handhægt, bragðgott og frábært verð

Vertu alltaf með orkuna við höndina  
og gríptu einn stauk af FOCUS í  
næsta apóteki .

Áhrifarík  
innihaldsefni  
- virkar  
samstundis



Fæst í Fjarðarkaup og helstu apótekum um land allt  
brokkoli.is





**TRENTEMØLLER**

**Fyrstu sex:** 161072

**Uppáhalds ís:** Vanilla

**Lag á heilanum:** Lag sem heitir „Road“ eftir Nick Drake

**Fyrirmynd í æsku:** Tónlistarkennarinn minn í skólanum. Hann hvatti mig til tónsmíða og var án efa fyrirmynd mín.



# Elskar að ná augnsambandi

Danski plötusnúðurinn og tónlistarmaðurinn **Anders Trentemøller** er eflaust betur þekktur undir seinna nafninu einu og sér en hann er einn þeirra erlendu tónlistarmanna sem spila á **Sónar Reykjavík**. **Monitor** sló á þráðinn til **Trentemøller** í kóngsins Köbenhavn.

## Hvernig leggst Sónar-hátíðin í þig?

Ég hlakka mikið til að koma aftur. Ég spilaði á hátíðinni í fyrra líka en þá var ég bara með lítið dj-sett. Í þetta skipti spila ég með hljómsveitinni minni og spila bara mína eigin tónlist og það er eitthvað sem ég hlakka mikið til að gera. Þetta er líklega í fjórða skipti sem ég kem til Íslands. Ég spilaði síðast í Reykjavík með hljómsveit á Airwaves fyrir þremur eða fjórum árum og það var alveg frábært.

## Er mikill munur á því að koma fram með hljómsveitinni eða vera með dj-set?

Að sjálfsögðu. Þegar ég er með hljómsveitinni spila ég aðeins mína tónlist sem er ekki eingöngu miðuð inn á dansgólfið þar sem hún er einnig svolítið krefjandi fyrir áheyrendur. Ég kem æ sjaldnar fram sem plötusnúður af því að ég er að einbeita mér að mínum eigin hlutum með hljómsveitinni. Að spila með hljómsveit hefur alltaf þetta félagslega gildi sem ég elska en ég spilaði mikið í hljómsveitum þegar ég var yngri og byrjaði að semja tónlist þegar ég var táníngur. Það er mjög gott að vera farinn að spila á hljóðfæri aftur og ekki bara annarra manna tónlist.

## Fékkstu að upplifa eitthvað af landinu á ferðum þínum hingað?

Já, algerlega. Þegar ég var að vinna að nýjstu plötunni minni fór ég á ótrúlega fallegan stað, u.þ.b. þrem tímum fyrir utan Reykjavík. Þar var svört timburkirkja og eitt lítið hótél með fjórum herbergjum eða eitthvað. Það er mjög vandræðalegt að ég muni ekki hvað staðurinn heitir en ég var þar í tvær vikur og samdi tónlist fyrir plötuna. Þetta var nálægt frekar stórum jökli. Það er eitthvað við að vera umkringdur þessari stórbrotnu og fallegu náttúru í algjöri þögn. Það var alveg frábært og veitti mér mikinn innblástur. Í raun hugsa ég enn um þennan stað þegar ég vinn að tónlist þar sem opin rými og náttúran hafa alltaf veitt mér innblástur. Þessi opnu rými eru líka hluti af tónlistinni þegar kemur að mismunandi lögum í hverju lagi fyrir sig. Lögin mín eru ekki byggð upp eins og popptónlist heldur eru þau meira eins og einhverskonar hljóðrás. Ísland býr yfir svo dramatískri náttúru, hún er mjög ólík því sem við höfum hér í Danmörku. Ég er mikill aðdáandi Sigur Rósar sem hefur miklar tilfinningar í tónlistinni sinni og ég held að þetta sé eitthvað sem heyrir vel í mínum verkum.

## Finnurðu fyrir sterkum tengslum við íslenska aðdáendur þína?

Já og nei. Mér finnst ég bara vera í jafn góðum tengslum við þá og aðra aðdáendur þar sem internetið hefur gert heiminn svo lítinn. Ég fæ kannski ein skilaboð á Facebook frá Íslandi en svo fæ ég önnur frá Mexíkó og þegar ég sit við fartölvuna finnst mér heimurinn vera mikið minni en hann er í raun. Það er alltaf frábært að ferðast um heiminn og hitta í alvöru fólkið sem hlustar á tónlistina mína. Sérstaklega þegar ég spila á minni stöðum þar sem ég get jafnvel náð augnsambandi við fólkið í fjöldanum og séð viðbrögð þeirra við

tónlistinni. Það snertir mig mun meira en að sjalla við fólk á Facebooksíðunni minni.

## Nú er Sónarhátíðin stærsti raftónlistarviðburður sem haldinn hefur verið á Íslandi, telur þú að raftónlist sé að vaxa í vinsældum?

Ég held að ég sé ekki rétti maðurinn til að spyrja um það þar sem mér finnst ég ekki hluti af raftónlistarsenunni lengur enda er mun meira af indí- og rokk-áhrifum í tónlistinni minni. Þegar ég hóf ferilinn fyrir u.þ.b. 10 árum var ég mun meira inni í senunni en hægt og hægt hef ég fjarlægst hana. Ég hlusta mjög sjaldan á raftónlist þar sem mér finnst ekki mikið af nýrri raftónlist hreyfa við mér. Það er mjög mikið um danstónlist sem er skemmtilegt að hlusta á þegar maður fer út á föstudagskvöldi en annars þekki ég lítið til. Nýjasta platan mín er ekki mjög elektrónísk og það var sú síðasta heldur ekki. Ég reyni frekar að vinna með allskonar andrúmsloft.

■ ■ **Ég var með ritstíflu í um þrjár vikur nýlega.**

## Hvaðan sækir þú innblástur?

Ég hlusta auðvitað mikið á tónlist en einnig fyllist ég innblæstri þegar ég horfi á góða bíómynd eða jafnvel þegar ég geri eitthvað gríðarlega hversdagslegt eins og að hjóla í gegnum borgina að hljóðverinu mínu. Það er staðsett nálægt ströndinni og það er gott að fara í göngutúra þar, jafnvel á veturna þegar ströndin er alveg tóm og það er kalt. Þá fær maður að vera alveg einn í þessu opna rými, án tónlistar eða fólks til að tala við. Slík einvera er eitthvað sem ég elska af öllu hjarta. Aðrir hlutar af lífi mínu eiga það til að vera hektískir svo það er yfirleitt á slíkum augnablikum sem ég fæ hugmyndir fyrir næstu plötur og melódíur.

## Færðu einhvern tímann ritstíflu?

Já algjörlega. Ég var með ritstíflu í um þrjár vikur nýlega. Ég var hægt og rólega byrjaður að vinna að nýrri plötu og fannst ég alls ekki geta náð hljóðunum rétt úr höfðinu á mér. Ég lærði að örvænta ekki eða reyna að þvinga eitthvað fram heldur gera frekar eitthvað annað eins og að slappa af með vinum mínum og ganga á ströndinni. Núna finn ég að ritstíflan er smám saman að líða hjá. Þegar ég var yngri og fékk ritstíflu átti ég það hinsvegar til að fríka út og halda að ég myndi aldrei semja tónlist framar.

## Hvernig sérðu framtíð þína í tónlist fyrir þér?

Það er alltaf erfitt fyrir mér að fara út í þá sálma þar sem ég skipulegg tónlistina ekki mikið fram í tímann. Ég vil hafa allt opið þegar ég vinn að nýrri plötu og ég hugsa ekkert um markhópa eða hvað útgefendurnir mínir myndu vilja. Að semja tónlist er mjög persónuleg upplifun og því opnara sem ferlið er frá byrjun þess meira skapandi getur það verið og þá snýst það um að ná flæði í tón-

listina og rauðum þræði til að fylgja í gegnum plötuna. Það er alltaf erfitt fyrir mig að spá fyrir um framtíðina en í augnablikinu get ég sagt þér að ég vonast til að vinna við tónlist í mörg ár til viðbótar.

## Heldurðu að fólk muni enn vera að hlusta á tónlistina þína þegar yngri kynslóðir samtímans eru komnar á elliheimilin?

Kannski ekki á elektrónískari lögin. Þegar maður eldist hætta lætin og krafturinn í tónlistinni að skipta máli og dýpri lögin í tónlistinni heilla mann meir og meir. Vonandi mun fólk enn hlusta á þá tónlist sem ég hef skapað sem er meira krefjandi fyrir hlustandann en kannski verður hún alveg gleymd. Ég get ekki sagt til um það en ég hlusta allavega enn á þá tónlist sem ég ólst upp við eins og The Smiths, The Cure og Velvet Underground. Sú tónlist veitir mér enn innblástur enda er hún sigild. Auðvitað er The Cure frekar „eighties“ en í tónlistinni þeirra má enn finna einhver gæði sem ég get notið. Það sem skiptir máli er hversu sterk tónlistin er og hversu sterk laglínurnar eru. Tökum Bitlana sem dæmi, þeir eru enn ein mest spilaða hljómsveit heims. Það sýnir sig að sterkar laglínur og sterk tónlist getur lifað af þrátt fyrir að það sé nóg af tónlist sem falli í gleymiskunnar dá.

## Ef við snúum okkur aftur að Íslandi og Sónar, þekkirðu aðrar íslenska tónlistarmenn en Sigur Rós?

Ég er mikill aðdáandi Singapore Sling. Ég dýrka þá hljómsveit og eins hljómsveitina Dead Skeletons sem mér skilst að söngvari Singapore sling hafi stofnað. Það er fánálæga svöl hljómsveit og mig langar mikið til að vinna með söngvaranum. Hann skrifaði mér einmitt að hann yrði á Sónar og ég hlakka mikið til að hitta hann. Að hitta kollega mína í tónlistargeiranum er eitt af því allra besta við tónlistarhátíðir þar sem maður hittir fullt af hljómsveitum. Þannig hef ég kynnst mörgum af þeim söngvurum sem syngja á plötunum mínum.

## Munt þú geta farið á einhverja aðra tónleika á Sónar en þína eigin?

Ég efast um það. Þetta er svona inn-út dæmi því við verðum í Genf daginn áður og svo í bæ í Þýskalandi daginn eftir. Þetta er allt hluti af Evróputúrnum okkar.

## Við hverju mega gestir Sónar búast af tónleikunum þínum?

Alvöru „live“ upplifun. Við erum heil hljómsveit, raunar þrjár gítarleikarar, trommari og bassaleikari auk Marie Fisker sem mun sjá um sönginn. Við munum spila fullt af nýjstu plötunni en einnig af eldri plötum. Okkur finnst gaman að taka öðruvísi útgáfur af lögunum. Þegar ég tek upp plötur er það ég sjálfur sem spila á öll hljóðfærin svo það þarf að aðlaga tónlistina að hljómsveitinni að einhverju leyti. Þessi umbreyting frá hljóðverinu til sviðsins þykir mér frábær af því að tónlistin hljómar talsvert öðruvísi á sviði en á plötu, það verður til ný útgáfa af hljóðunum.



I am a golden god!  
Russell-Almost Famous

KVIKMYND

## Hrífandi táradalur

The Book Thief eða Bókaþjófurinn, eins og titillinn útleiggst á íslensku, er stórgóð bók og merkilegt nokk er hún einnig frábær kvikmynd.

Titilpersónan er stúlkan Liesel (Sophie Nélisse) sem elst upp í Þýskalandi í seinni heimsstyrjöldinni. Liesel veit fátt betra en að lesa og læra ný orð og af ýmsum ástæðum tekur hún reglulega upp á því að stela bókum. Liesel eignast nýjan vin þegar fósturforeldrar hennar taka að sér að fela gyðinginn Max í kjallaranum en það stefnir fjölskyldunni allri að sjálfsögðu í mikla hættu. Sagan öðlast aukna dýpt fyrir þær sakir að sögumaðurinn er enginn annar en dauðinn sjálfur sem hefur fengið sérstakan áhuga á Liesel og fylgist náði með henni.

Eins og oft vill vera rata ekki öll smáatriði bókarinnar á hvíta tjaldid en leikstjóranum Brian Percival tekst listilega vel að koma inntaki hennar og þeim tilfinningum sem



fylgja til skila. Leikur Sophie Nélisse er afar sannfærandi og Emily Watson er stórkostleg sem fósturmóðirin Rosa. Eins ber að nefna Geoffrey Rush sem leikur fósturföðurinn Hans en sá yljár áhorfandanum

um hjartaræturnar í hvert skipti sem hann birtist á skjánum. Hinn ungi Nico Liersch sem leikur skólabróður Liesel, Rudy, er einnig mikill sjarmör og fær áhorfandann með sér í lið frá byrjun. Ef ég ætti að nefna einhvern veikan punkt væri það líklega Ben Schnetzer sem gyðingurinn Max. Allar aðstæður Max eru gríðarlega dramatískar og á köflum þykir mér dramatíkin bera Schnetzer ofurlíði. Þess má geta að tónlistin í myndinni er tilnefnd til Óskarsverðlauna en hún er saminn af John Williams sem hefur fengið yfir 40 Óskartilnefningar yfir ævina.

Ég mæli með að biógestir mæti með tissjú eða vasaklútt á myndina. Bókaþjófurinn er allt í senn huglúf og sorgleg og það má svo búast við ekkasögum yfir síðustu atriðum myndarinnar. Ég þakkaði í það minnsta fyrir að hafa sett á mig vatnshelda maskarann um morguninn.



THE BOOK THIEF

ANNA MARSÝ

MMMMM

TÖLVULEIKUR



**Contrast**  
MMMMM  
Tegund: Hopp- og skoppleikur  
PEGI-merking: 3+  
Útgefandi: Sony Computer  
Dómar: 2,5 af 5 – Gamespot  
75 af 100 – IGN.com  
60 af 100 – Eurogamer.net

## Einar Áskell í pilsí..

Sterkasta minning mín um ímyndaðan vin er það sem ég las um í bókunum um Einar Áskel, en hann var grjótharður og alltaf í ruglinu. En ímyndaður vinur er einmitt þemað í leiknum Contrast sem var að koma út á PlayStation 4. En Contrast er svokallaður „indie“-leikur, en það eru leikir sem gerðir eru af minni leikjafyrirtækjum og er yfirleitt dreift í gegnum netið, en leikinn Contrast má nálgast á PSN-búðinni á PlayStation 4-tölvunni.

Hér fara leikmenn í hlutverk Dawn sem er ímyndaður vinur lítillar stelpu sem heitir Didi, en hún er í rugli varðandi fjölskylduna sína og þarf Dawn að hjálpa henni að greiða úr þeirri flækju svo allir geti orðið hamingjusamir.

Contrast er þrívíddar hopp- og skoppleikur með þrautaívafi, en leikmenn stýra Dawn og getur hún hlaupið í allar áttir, hoppað og svo dottið úr þrívídd í tvívídd, en það er eitt af sérkennum leiksins. En allsstaðar þar sem skuggi myndast á veggjum, getur Dawn breytt sér í skuggamynd og notað hina skuggana til að komast á staði sem hún náði

ekki til í þrívíddarheiminum. Þetta nota leikmenn mikið til að leysa hinar ýmsu þrautir og ganga margar þeirra út á að færa til ljóskastara til að það myndist skuggar á ákveðinn hátt. Þessa skugga nota svo leikmenn til að klifra og komast hingað og þangað.




Contrast er frekar ódýr leikur, en á sama tíma er hann mjög stuttur og er hægt að klára hann á nokkrum klukkutímum. Spilunin er frekar einhæf og fær maður dálítið fljótt leið á hvernig hann virkar.

Varðandi grafik, þá er hún í „film noire“-stíl og litur ágætlega út og ná leikjahöfundarnir að skapa fina stemmingu og flottar persónur, en það dugur skammt þar sem spilunin er ekki alveg í nógu góðu stuði, en engu síður gaman að upplifa þessa stuttu sögu um hálfgerðan Einar Áskel í pilsí..



ÓLAFUR ÞÓR JOELSSON



## FRUMSÝNING HELGARINNAR

## Llewyn Davis

Tónlistar- og hugsjónamaðurinn Llewyn Davis berst í bókunum við að skapa sér nafn í tónlistarheimi New York-borgar árið 1961. Kaldir vetrarvindar næða um göturnar og Llewyn reynir hvað hann getur til að afla sér lífsviðurværis og yfirstíga fjölda hindrana sem á vegi hans verða. Áður en langt um líður uppgötvar Llewys

að hann kynni sjálfur að vera stærsta hindrunin á vegi sínum til frægðar og frama. Þeir Ethan og Joels Coen skrifa og leikstýra kvikmyndinni sem var meðal annars tilnefnd til Golden Globe-verðlaunanna í flokki gamanmynda og söngleikja.

**Leikstjórn:** Ethan Coen, Joel Coen.  
**Leikarar:** Oscar Isaac, Carey Mulligan, Justin Timberlake, John Goodman, Adam Driver.  
**Aldurstakmark:** Bönnuð innan 16.  
**Lengd:** 105 mín.

## VILTU VINNA MIÐA?



## Háskólanám erlendis

á sviði skapandi greina

ENGLAND | ÍTALÍA | SPÁNN | SKOTLAND

KYNNING 15. FEB. • KL. 12:30-17:00 • TJARNARBÍÓ, REYKJAVÍK

Nemum í alþjóðlegum fagháskólum gefst einstakt tækifæri til að kynna sig suðupotti hugmynda, með stefnum og straumum víða að úr heiminum.

Lingó er umboðsaðili á Íslandi fyrir nokkra af þekktustu fagháskólum í Evrópu og aðstoðar nema sem sækja um skólavist.

Fulltrúar frá nokkrum þessara skóla verða með kynningu og viðtöl við áhugasama nema laugardaginn 15. febrúar í Tjarnarbíó, Tjarnargötu 12, Reykjavík.

### Einstaklingsviðtöl í anddyri.

Hér gefst væntanlegum nemum tækifæri til að hitta fulltrúa skólanna og ræða við þá beint um það sem þeir þurfa að vita, eða bara það sem þá langar til að vita.

### Fyrirlestrar og kynningar í sal.

13:00-13:30 • AUB and the admissions process and portfolio preparation • Hilary Colvey • Arts University Bournemouth  
13:45-14:15 • Your opportunities at Bournemouth University • Andy Thompson • Bournemouth University  
14:30-15:00 • Project Presentation: La Violeta in Barcelona. A collaboration between



IED and Districte de Gràcia, to elaborate a communication project for a historical building • Arnar Ingi Viðarsson • Saatchi & Saatchi, Barcelona  
15:15-15:45 • Study in Scotland at The Glasgow School of Art • Jacquie Coyle • Glasgow School of Art  
16:00-16:30 • Creative Studies at IED • Silvia Ghezzi • Istituto Europeo Di Design • Milano

lingo  
MÁLAMÍDLUN

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ • SÍMI 562 2220 • WWW.LINGO.IS



**LOKSINS, ÍPRÓTTATOPPUR  
MEÐ STUÐNINGI VIÐ HVORT  
BRJÓST FYRIR SIG.**



**LITIR:**

Bleikur

Svartur með bleikri rönd

Svartur með grænni rönd

Fjólublár



**CW-X VERSATX STUÐNINGSTOPPURINN:**

Ólíkt flestum íþróttatoppum, þar sem brjóstin eru ekki aðskilin, tryggir VersatX stuðningstoppurinn hvoru brjósti um sig fjöðrun, sem auðveldar alla hreyfingu og eykur stuðning og þægindi.

**STUÐNINGUR**

Fimm punkta stuðningur innbyggður í hvora skál með stuðningsvefnum CW-X Targeted Support Web™.

**SVEIGJANLEIKI**

Franskur rennilás á hlýrum og krækjur á baki tryggja að toppurinn smellpassar.

**RAKADRÆGNI**

Innbyggt teygjanlegt net undir hvorri skál hleypir út raka.



[www.cw-x.com](http://www.cw-x.com)

Móðurfyrirtæki CW-X<sup>®</sup>, Wacoal Corporation, er einn stærsti nærfataframleiðandi í heimi og selur yfir 35 milljónir toppa árlega um allan heim.

Söluastaðir: Útilíf [www.utilif.is](http://www.utilif.is) • Intersport [www.intersport.is](http://www.intersport.is) • Afreksvörur [www.afrek.is](http://www.afrek.is) • Sportís [www.sportis.is](http://www.sportis.is)  
Crossfit Reykjavík [www.cfr.is](http://www.cfr.is) • Atlas göngugreining [www.gongugreining.is](http://www.gongugreining.is)





**HÖNDLARDU HITANN ?**

THE ORIGINAL  
**TYRKISK  
PEBER**